



Siðareglur



Síldarvinnslan hf

Tilgangur Síldarvinnslunnar er að hámarka virði þess sjávarfangs sem fyrirtækið hefur heimildir til að veiða og skila sem bestum afurðum á diska viðskiptavina um allan heim. Þetta skal gert með ábyrgum hætti og í sem mestri sátt við samfélag og náttúru. Fyrirtækið leitast við að hámarka arð eigenda, skapa sem bestan vinnustað fyrir starfsfólk, greiða skatta og skyldur til samfélagsins og starfa í einu og öllu eftir þeim lögum sem gilda um starfsemina. Þessar siðareglur gilda um starfsemi fyrirkæsisins í heild og taka þær til vinnubragða stjórnar, stjórnenda og starfsfólks.

1. Lög og siðferðisviðmið

Síldarvinnslan fer að öllu leyti eftir þeim lögum sem gilda um starfsemina og almennum viðmiðum um gott siðferði í viðskiptum og rekstri. Fyrirtækið fylgist með breytingum á lögum og siðferðisviðmiðum og aðlagar sig að slíkum breytingum. Það ber fulla virðingu fyrir mannréttindaákvæðum um félagafrelsi, nauðungar- eða þrælkunarvinnu og misrétti.

Öll mismunun sem byggir á ómálefnalegum þáttum á borð við kynferði, trúarbrögð, uppruna eða kynhneigð er bönnuð. Verði starfsfólk vart við einelti, kynbundna eða kynferðislega áreitni, ofbeldi, eða aðra ólöglega eða ósiðlega hegðun skal tilkynna það strax til yfirmanns eða starfsmannastjóra. Allar slíkar tilkynningar skal taka alvarlega og rannsaka.

Starfsfólk skal hafa í huga að þau geta verið fulltrúar Síldarvinnslunnar útávið og skulu því forðast að gera nokkuð sem kastað gæti rýrð á orðspor fyrirtækisins. Starfsfólki er óheimilt að misnota aðstöðu sína hjá fyrirtækinu með nokkrum hætti, þ.m.t. að taka við gjöfum eða fríðindum af einhverju tagi nema með samþykki yfirmanns. Starfsfólk skal ávallt gæta hagsmuna fyrirtækisins og leita leiðbeininga ef upp koma einhver vafaatriði í því sambandi.

2. Samfélagið

Síldarvinnslan umgengst þau samfélög þar sem fyrirtækið starfar með virðingu og nærgætni, enda er það burðarstólpi í þeim. Það hvetur starfsfólk til þátttöku í samfélaginu, en ítrekar mikilvægi þess að slík þátttaka hafi hvorki neikvæð áhrif á starf viðkomandi né orðspor fyrirtækisins. Síldarvinnslan styrkir íþrótt- og menningarstarfsemi í nærsamfélaginu með ýmsum hætti og leitast einnig við að verla í heimabyggð þegar hægt er.

3. Umhverfið

Síldarvinnslan leitast við að starfa með eins sjálfbærum og umhverfisvænum hætti og unnt er. Fyrirtækið metur frammistöðu sína í umhverfismálum með markvissum hætti og leitast við að draga stöðugt úr umhverfisáhrifum. Það stundar ábyrgar veiðar og fordæmir brottkast afla.

4. Viðskiptavinir og birgjar

Síldarvinnslan ber virðingu fyrir viðskiptavinum sínum og leitast við að skila þeim hágæðavöru. Framleiðsla fer fram samkvæmt ströngum gæðastöðlum til að tryggja hollustuhætti og fyrirsjáanleg gæði. Fyrirtækið ber einnig virðingu fyrir birgjum og þeirra hlutverki í virðiskeðjunni, en stundar eingöngu viðskipti við ábyrg fyrirtæki.

5. Starfsfólk

Síldarvinnslan vill bjóða starfsfólki upp á vinnuumhverfi sem einkennist af hvatningu, öryggi og góðum samskiptum. Fyrirtækið leitast við að bjóða starfsfólki upp á:

- Vinnuumhverfi þar sem stjórnendur og starfsfólk vinna að því í sameiningu að auka sífellt öryggi, velferð og árangur
- Trygga vinnu og góða afkomu
- Vinnu þar sem starfsfólk er hvatt til að gera sitt besta og efla stöðugt þekkingu sína og færni
- Sveigjanleika og jafnvægi milli vinnu og einkalífs eins og frekast er unnt
- Samskipti sem einkennast af samráði og virðingu
- Jafnrétti til launa og starfsþróunartækifæra

Fyrirtækið starfar að auki í einu og öllu eftir vinnulöggjöf og kjarasamningum. Síldarvinnslan hefur hlotið jafnlaunavottun Jafnréttisstofu sem staðfestir að engan óútskýrðan launamun sé að finna hjá fyrirtækinu.

6. Hluthafar

Síldarvinnslan leggur áherslu á að skila eigendum góðri langtímaávöxtun þeirra fjármuna sem lagðir eru í félagið. Fyrirtækið veitir hluthöfum og öðrum markaðsaðilum réttar og skilmerkilegar upplýsingar um rekstur þess skv. reglum markaðarins.

7. Trúnaður og persónuvernd

Síldarvinnslan tekur trúnað og persónuvernd alvarlega. Fyrirtækið hefur markað sér skýra stefnu um meðferð persónuupplýsinga. Starfsfólki er stranglega bannað að nýta sér trúnaðarupplýsingar til persónulegs ávinnings.